



**2, 2.**

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
KITSTJÓRI.

**Jan. 1907.**

*N Y T T Å R,*

Gamla árið er búið að kveðja. Það er farið og kemur aldrei aftur.

Hvernig kvaddi það? Tókuð þið eftir því?

Það kallaði ekki hátt til okkar, þegar það kvaddi. En það leit til okkar um leið og það fór út. Og ef við höfum tekið efir augnaráði þess há, gleynum við því ekki undir eins. Annaðhvort hefur sorg talað út úr augnaráðinu eða blíðu-bros. Sorg, ef við vorum vond við gamla árið. Blíðu-bros, ef við vorum góð við það.

Hvernig vorum við há við það? — — —

En svo er nýárið komið — nýbúið að heilsa upp á okkur.

Það er nýr gestur. Við höfum aldrei séð hann fyrr. Og þegar við virðum nýja gestinn fyrir okkur, þá kemur okkur til hugar: Hvernig gestur skyldi hann þá verða? Hvernig skyldi hann verða við *okkur*?

En er til nokkurs að spyrja nokkurn að því? Þekkir nokkur hann?

Enginn hefur séð hann til þess að kynnast honum nokkuð. Hann er öllum jafn-ókunnugur.

Það er einkennilegur gestur—þetta. Það líka er einkennilegt við hann, að hann kemur inn til okkar án þess að við bjóðum honum það, og tekur sér sæti og sest að hjá okkur án þess við bjóðum honum það.

Ættum við ekki að vera hrædd við hann?

Þið eruð hrædd við suma gesti, börn; þið farið þá helst út í horn og felið ykkur, þegar þið sjáið þá.

En við þennan ókunna og einkennilega gest eruð þið ekki neitt hrædd. Þið farið ekki í neinar felur fyrir honum. Þið ósjálfrátt fagnið honum.

Það er vonin í ykkur, sem fagnar — vonin, sem gerir gestinn í augum ykkar svo fallegan og góðan.

### *G O T T Å R.*

Það er einmitt það, sem þið viljið og vonist eftir, að árið verði gott. Enda viljum við það öll. Þess vegna óskum við hverjur öðrum góðs og blesaðs nýárs.

Turfa nú vonir ykkar að bregðast? Nei. Og þess vegna þurfið þið ekki að óttast nýja gestinn ókunna og einkennilega.

Hann vill vera ykkur góður gestur. Kemur einmitt í þeim tilgangi. Er sendur af guði til ykkar til þess að vera ykkur góður gestur.

Guð er góður. Og frá honum koma að eins góðar gjafir. Og hann gefur okkur þær allar til þess að þær verði okkur öllum að eins til góðs.

### *G O D B Ö R N.*

Undir einu er komið, börn, hvort nýi gesturinn verður ykkur góður gestur. Undir því er það komið, hvernig þið verðið við hann. Þið sjálf berið ábyrgðina.

Þið getið látið árið verða gott. Og þið getið líka látið það verða slæmt.

„Nú, ef það er undir okkur komið, þá verður árið gott“— segið þið. „Við viljum, að það verði gott.“

Jæja þá! Látið það þá verða gott. Það stendur á ykkur. Það stendur ekki á guði.

„En hvernig eigm við að fara að því, að láta árið verða gott?“—spyrjið þið.

Hvernig eigið þið að fara að því? Það skal eg feginn segja ykkur. Þið eigið að vera góð.

„Verður árið gott þá?“ — Já. Árið verður gott þá. All- veg áreiðanlega gott.

„En hvernig eigm við að vera góð?“

Mér þykir vænt um, að þið spyrjið að því. Eg skal segja ykkur það. Þið eigið að fara vel með árið—*nota það vel*. Þá

eruð þið góð. Þið eigið að lofa guði að gera ykkur góð — lofa honum að segja ykkur til, laga ykkur, finna að við ykkur og hjálpa ykkur eins og *hann* vill. Þá eruð þið góð, og þá verðið þið góð. Og þá verður árið ykkur gott ár.

Þið megið þá fagna árinu og *cigið* að fagna því, þó þið bekkið *bað* ekki neitt. En þið þekkð *guð*. Og þið vitið, að *hann* vill láta árið verða ykkur til góðs, og árin, hvort sem hau verða mörg *eða* fá — *guð*, sem létt Jesúm fæðast og gaf okkur hann, til þess að við öll gætum orðið góð börn hans og átt góðar vonir, sem bregðast ekki. Og til þess að árin gætu orðið okkur góð og æfin öll og eilífðin.

*Fögnum þá nýja árinu í Jesú nafni.*

### TÍTUPRJÓNNINN.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

A miðri 18. öld var kaupmaður einn í Danzig, er hét Samuel Richter. Einlverju sinni kom fátækur drengur, tíu vетra gamal, inn í búð hans, og bað bókhaldarann um ölmusu. Bókhaldarinn var önnum kafinn og mælti: „Pú fær ekkert,” og bauð drengnum að snauta burt. „Gefið mér að eins ofur lítinn brauðbita”—mælti drengurinn; „eg hef ekki bragðað mat síðan í gær.” „Snautaðu burt”—mælti hinn. Drengurinn tók nú til að gráta, og gekk hægt fram að dyrnum.

„Hvað er um að vera?”—mælti kaupmaður og gekk fram; hafði hann séð drenginn, þar sem hann sat í skrifstofu sinni. Bókhaldarinn svaraði: „Það var drengur, sem var að biðja sér beininga,” og hélt fram vinnu sinni. Í sömu svipan beygði drengur sig niður við dyrnar og tók eiththað upp af gólfinu, og gekk hægt burt. Richter kallaði á eftir honum og mælti: „Hvað tókstu upp, drengur litli!” „Tituprjón”—sagði drengurinn grátandi, sneri sér að kaupmanni, og sýndi honum. „Og hvað ætlarðu að gjöra með harn?”—mælti kaupmaður, og horfði meðaumkvunarfullur á drenginn, sem var berfættur, og allur rifinn og tættur. „Treyjan míin er götött”—svaraði drengurinn; „eg ætla að næla saman stærsta gatið með prjóninum, það er betra en ekki neitt.” „Horfði hann um leið mjög hreinskilnislega í augu kaupmanni. „En blygðast hú þín eigi?”—mælti Richter, „að biðja þér beininga svona ungur?” „Góði herra!”—mælti drengurinn; „eg vildi heldur vinna, en eg hef ekkert numið, og eg er of lítill til að þreskja óða sagða brennivlöð. Hún veslings-móðir míin er með

öllu matarlaus; faðir minn er dáinn fyrir þremur vikum; og systkin mín um hafa lengi einskis neytt. Eg gat ekki staðist að sjá móður mína gráta, og því hljóp eg að heiman, og hef eg marga hjálpar beðið, en hijá flestum fengið að eins atyrði. Bónði einn gaf mér í gær-morgun matarbita einn, en síðan hef eg ekkert fengið.“

Kaupmaður komst við af sögu drengsins, sem breði var barnsleg og hispurslaus. Hann tók nokkra peninga upp úr vasa sínum og mælti til drengsins: „Þarna hefur þú hálft gyllini; hlauptu til bakarans á næsta strætishorni, og kauptu brauð fyrir helming gyllinisins handa þér og systkinum þínum, en af ganginn færir þú mér aftur.“ „Guð mun umbuna yður góðsemið yðar“—sagði drengurinn, og þaut þegar á braut. „Átt-skildingur hefði verið nóg“—muldraði skrifarinn. „Nú h'ær hann að yður, og hleypur burt með alla peningana, og hirðir ekkert um, hvað þér sögduð honum.“ „Það gerir hann ekki“—mælti kaupmaður. „Hann lítur út til að vera of vandræður til less.“ Ekki leið langt um áður drengurinn, kom h'auvandi sem fætur toguðu og hélt á stóru rúgbrauði í annarri hendi, en peningaleifarnar í hinni. „Hér eru peningarnir, herra minn!“—mælti hann með öndina í hálsinum af mæði. Því næst beiddi hann um hníf, svo að hann gæti skorið sér eina brauðsneið. Skrifaranum tók að snúast hugur og léði hann honum sjálfskeiðing sinn. Drengurinn skar sér eina sneið af brauðinu, en lagði þá alt í einu frá sér brauðið og hnífinn, lagði saman hendur sínar og mælti fram með andakt þessa hina stuttu horðbæn: „Kom þú, drottinn Jesús, og vertu gestur minn, og blessta það, sem þú hefir gefið mér.“ Þessi hreinskilni og guðrækní fékk mjög á kaupmanninn; ósjálfrátt lagði hann saman hendur sínar, og mintist með innilegri hakklátsemi resku sinnar; því að þá hafði hann sjálfur reynt mótlæti og áhveggjur, en einnig hjálp góðra manna og blessun drottins. Hann hafði yndi af að horfa á drenginn, þar sem hann sat og snæddi, og spyrði hann nákvæmar um ástæður móður hans og sjálfs hans. Pilturinn sagði honum ein'lægfléga frá, hvernig foreldrum hans hafði gengið, og sá kaupmaður af því, lve i-nilega ást pilturinn bar til móður sinnar og systkina, og að hann var röskur og fjörugur: fékk hann því enn meiri velvild til hans, og hugsaði með sér: „Eg er maður auðugur, og á að eins eitt barn. Piltur þessi er sjálfsagt lifandi skuldbréf, sem drottinn hefur til hakklátsemi minnar. „Heyrðu, piltur minn!“—mælti hann þá við drenginn, „hefur þú löngun til að nemma nokkuð?“ „Það vildi eg gjarnan“—svaraði dreng.

ur; „eg get þó lesið dálitið í Fræðunum.“ Tók hann um leið kver upp úr vasa sínum, fletti því upp og las nokkurn veginn reiprennandi: „Heiðra skaltu föður þinn og móður, svo að þér vegni vel, og þú verðir langlífur í landinu.“ „Þetta las eg í gær á leiðinni“—mælti hann við kaupmanniinn; „eg var orðinn þreyttur, og hafði setst undir tré eitt; lengra er eg ekki koniinn; því að heima varð eg ávalt að bera hann bróður minn litla; af því að móðir mínn var svo sjúk.“ „Eg vil vera faðir þinn“—sagði Richter kaupmaður. „Ef þú ert góður og iðinn, þá vil eg annast þig; eg skal láta kenna þér eitthvað, og gefa þér mat og drykk, og þegar þú verður stærri og getur sjálfur aðlað þér einhvers, getur þú, ef til vill, styrkt móður þína og systkin, og þannig fullnægt boðorði drottins.“

, Þetta var vel“—mælti pilturinn forviða, kysti á hönd kaupmanni og stökk upp af fögnuci. „En hún móðurinn hesur enn ekkert til matar“—mælti hann því næst, og varð alt í einu hljóður og sorghitinn. Kaupmaður létt senda móður hans bæði peninga og vist'r. Jafnframt fékk hún að vita, að pilturinn, sem hét Kristofer Gottlieb, yrði kyrr hjá kaupmanni, og mundi fá að læra eitthvað þarflegt. Pilturinn fékk brátt ný föt, og um miðdegis fór kaupmaður með hann heim til sín, og sagði konu sinni, hvernig á honum stæði, og hvað hann hefði í huga með hann.

Kristofer var hjá kaupmanni þessum í sex ár; fjögur beirra var hann í skóla, og tók hann þar góðum framförum, með því að hann var vel gáfaður og ávalt iðinn. Helming skotsilfurs þess, er fóstri hans gaf honum, sendi hann allajafna trúður sinni; og með styrk Richters höfdu kjör hennar batnað svo, að hún húrfsti ekki að liggja uppi á öðrum. Fyrir hinn helming skotsilfurs síns kevpti Kristofer pennafjaðir, og hafði hann numið af manni einum frá Hamborg að hreinsa þær og fága, og gat hann svo selt þær lágu verði, og þó með ábata. Á hennan hátt aðlaði hann sér fjárstofns nokkurs; en kaupmaður jók hann með því að setja hann á leigu. Fyrir sé betta kevpti hann hör og hamp, þá er hann einhverju sinni heimsótti móður sína. Vers'un þessi tókst honum svo vel, að eftir þrjú ár átti hann fimm hundruð ríkisdali, en heim peningum varði fóstri hans til kauna á sekkjastriga. Og græddi Kristofer á fáum árum svo mikik við vreslun þessa, að peningar hans voru orðnir fimmán hundruð ríkisdalir. Þá er náms-timi Kristofers var liðinn, varð hann verslunarþjónn hjá fóstra sínum; var hann í þeirri staðu í fimm ár, og stupðaði gagn

fóstra síns með iðni og alúð. Síðan gjörðist hann verslunarfélagi Richters, og skyldi hann hafa þriðjung alls ábata. Alla þessa stund hafði hann ríkulega styrkt móður sína og bræður; en tveir þeirra dœu, og móðir þeirra skömmu síðar. En naumast hafði hann náð sér aftur eftir harm sinn út af ættingjamissinum, þá er fóstri hans, er hann unni hugástum, lagðist veikur, og lá í tvö ár. Kristofer gjörði þá alt, sem þakklátsemi, iðni og trúmenska megnæði, og sýndi með því, að velgjörðir Richters höfðu ekki komið niður á neinum vanþakklátum óþokka. Hann var óþreytandi við verslunina, en vakti þó oft á nótturnum hjá fóstra sínum veikum, og huggaði konu hans og dóttur bæði fyrir og eftir látt Richters. Hann gekk síðan að eiga dóttur Richters, 1789, og líu árum eftir daudhað hans var verslun erfingja hans í einhverjum mestu metum í Danzig. Tengdamóður sína annaðist Kristofer og hjúkraði með sonarlegri ást og umhyggju, þangað til hún andaðist á 72. aldursári. Með því að hann átti sjálfur engin börn, tók hann til sín two hina elstu bræðrasyni sína, og sá vel fyrir heim. Hann gleymdi heldur ekki snauðum mönnum og munadólarlausum, en gaf heim stórgjafir, og í harðæri einu hjálpaði hann bæði í orði og verki fiolda þurfandi manna. Með gleði og þakklátsemi til guðs mintist hann ávalt hinnar fyrri eymdar sinnar og þess, hvernig drottinn hafði frelsað hann á dásamlegan hátt. Tituprjóninn, sem hafði verið tilefnið til hamingju hans, geymdi hann vandlega til minningar um liðna tíma. Áður hafði hann haft hann í erminni á hinni risnu lérefnstreyju sinni, en nú glóði hann í dýru hollensku klæði. Og gjörði hann þá ráðstöfun fyrir honum, að hann skyldi ganga að erfðum til ættingja sinna, og skyldi elsti maður í ætinni ávalt bera hann. Oft sagði hann æfisögu sína, er hana sat með kunningjum sínum og ættingjum. Þá er hann stóð upp frá hörðum, mælti hann oft á þessa leið: „Sjáð, læru börn! hve oft drottinn gjörir mikla hluti við þá, er elska hanum og treysta honum. Verið auðmijúk og hegðið yður eftir hans vilja, og treystið ósporrækum vegum hans, og almáttugri og algóðri stjórn hans. En ef þér viljið heiðra hann og lofa, sem ber, há elskið og bræður yðar; verið iðin og trúlynd í stærfi yðar; gjörið gott snauðum mönnum og þurfandi, og mun þá blessun hins almáttka vera með yður og börnum yðar til síðustu stundar.“

#### ENGIN MINKUN.

Mörgum bykir minkunn að gera hitt og þetta, eins og t. d. það að þvo gálf, sværtu ató, bera út skólp, moka fjós og annað

þvílíkt. Þeim finst það geri þá að minni mönnum. Og hafi beir orðið að gera ýmislegt af þessu tægi, þá vilja þeir, þegar beir eru orðnir „menn“ út af lífinu gleyma því. Og ef nokkur minnist á það, eða minnir þá á það, verða þeir vondir. Þeim finst það skömm fyrir sig, að nokkur skuli hugsa um þá—aðra eins menn!—í sambandi við önnur eins verk. En sú heimiska!

Það er engin minkunn að því að gera neitt nema það, sem er ljótt og syndsamlegt. Allir, sem ant er um sóma sinn, ættu að skammast sín fyrir það.

Og hver sá, sem ekki er ant um sóma sinn, er enginn *maður*.

Við ættum að skammast okkar fyrir ljótt og syndsamlegt orðbragð, fyrir að skrokva að náunga okkar eða svíkja hann, fyrir að lifa eða hafa lifað í drykkjuskap eða öðrum ólifnaði, fyrir að stunda eða hafa stundað þá iðn, sem leiðir aðra út í spilling og eymd, eins og t.d. *vínsala*, fyrir að hafa eða hafa haft ljótt fyrir öðrum og með því komið þeim til þess, sem ilt er. Fyrir alt *slikt* ættum við að skammast okkar, ef við viljum vera *menn*.

En það er líka annað, sem minkunn er að. Það er minkunn að því að gera illa verk sitt. Hvað lítilfjörlegt sem það er, þá eignum við að gera það vel. Það er sómi fyrir okkur. En ef við gerum það illa, þá er það okkur til minkunnar.

Það voru einu sinni tveir lögmenn, sem voru keppinautar hvor annars. Annar heirra öfundaði hinn fyrir það, að honum gekk betur. Og einu sinni ætlaði hann sér að sverta hann í augum fólks með því að segja við hann í áheyrn fjöldamanns: „Ertu búinn að gleyma því, að þú svertir skóna hans föður míns?“—„Nei. Eg man það“—svaraði hinn rólega án þess að láta sér þykja nokkur minkunn að því að vera mintur á þetta. „En eg veit, að eg gerði það vel“—bætti hann við. Og það, sem átti að rýra álit hans, varð til þess að auka það.

Börnin míni! Hvað sem þið gerið, þá gerið það vel. Og látið ykkur ekki þykja minkunn að neinu, nema því, sem er ljótt, ilt og *syndsamlegt*. Það gerir ykkur æfinlega að *minni mönnum*. Og látið ykkur vera ant um *sóma* ykkar. Það gera allir þeir, sem vilja vera *menn*.

SUNNUDAGSSKÓLAPÍNG á að halda í Winnipeg þriðjud. 12. Febrúar eftir hádegi og um kvöldið. Er þá niður sett fargja'd með járnþautum (hin svo kallaða *bonspiel-vika*). Margir koma þá til Winnipeg sér til skemtunar. Ættu sunnu-

dagsskólakennrarar sérstaklega að nota tækifærið og koma á þingið.

SPURNINGAR.—Ef börn eða mæður vildu senda ritstjóra „Barnanna“ spurningar, mundi það vera honum ánægja að leysa úr þeim, eftir því sem honum væri unt.

### NÝIR LJÓSGEISLAR.

Nú eru komnir út nýir *Ljósgeislar*. Hinir fyrri eru uppseldir. Þeir fengu ágætar viðtökur; enda var engin ástæða til annars en að taka þeim vel. Ænn þá manni ástæða verður til þess að taka nýju „Ljósgeislunum“, sem nú eiga að koma, öðruvísi en vel. Enda er eg viss um, að þeim verður fagnað stórkostlega af öllum, bæði ungum og gömlum, þegar þeir sýna sig. Eg tel það stórkostlegt happ fyrir okkur íslendinga, að eignast önnur eins spjöld og þessi á íslensku handa börnunum okkar. Við höfum átt svo lítið af því tægi handa þeim, og aldrei neitt jafn-fallegt. Þetta er ekkert skrum. Þau munu bera sér sjálf vitni, spjöldin. Það eru lit-myndir. Myndin öðrum megin, en lexian hinum megin, eins og á fyrri „Ljósgeislunum“, en aðrar myndir og aðrar lexíur. Verðið er búist við að verði 15 ct., þegar 5 eintök eru tekin í einu eða fleiri (52 spjöld í hverju eintaki), annars 20 ct. Pantanir ættu að sendast þegar til ritstjóra „Barnanna“. Þen borgunin verður að fylgja þeim.

---

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örð. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmáðr „Sam.“ á Íslandi.

---

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.  
Canada.